

Nd.

180. Frumvarp

til laga um heilbrigðisráð.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Í Reykjavík skal stofnað heilbrigðisráð, sem hafi á hendi yfirstjórn allra heilbrigðismála undir umsjá dómsmálaráðuneytisins.

2. gr.

Ráðið er skipað 3 mönnum, og auk þeirra eru 2 varamenn.

Konungur skipar forseta ráðsins, og heitir hann landlæknir.

Læknadeild háskólans kys einn mann í ráðið og einn varamann í forföllum hans.

Stjórn Læknafélags Íslands kys þriðja mann ráðsins og varamann í hans stað.

Báðir aðalmenn ráðsins, aðrir en forseti, skulu kosnir til 5 ára í senn, en í fyrsta skipti gengur annar aðalmaður úr eftir 3 ár.

Endurkjósa má þá, sem úr ganga.

3. gr.

Heilbrigðisráðið annast öll þau störf, sem landlæknir hefir haft á hendi samkvæmt eldri lögum og landsvenju, önnur en forstöðu ljósmæðraskólans. Það gerir og tillögur um veitingar læknisembætta og annara læknisstarfa.

Forseti ráðsins stýrir fundum og hefir allar framkvæmdir þess og bréfaskriftir á hendi.

Aðalmenn vinna með forseta að öllum störfum ráðsins, taka þátt í öllum fundum og hafa jöfn atkvæði og hann, svo og varamenn, þegar þeir taka sæti í ráðinu.

Í fjarveru og forföllum forseta tekur sá af aðalmönnum sæti hans og störf, sem ráðið kys til þess fyrir hvert ár, og varamaður aftur sæti hans.

Verksvið heilbrigðisráðsins skal nánar ákveðið með reglugerð, eftir að fengnar eru tillögur ráðsins um það.

4. gr.

Landlæknir hefir að byrjunarlaunum 6000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 300, 300 og 400 kr., upp í 7000 kr. Auk þess nýtur hann sömu dýrtíðaruppbótar og aðrir fastir starfsmenn ríkisins.

Hinir kosnu aðalmenn fá hver 1500 kr. þóknun á ári fyrir störf sín. Skyldir eru þeir að gegna forsetastörfum, er þörf gerist, án sérstaks endurgjalds, en þó eigi lengur en hálf ár.

Greinargerð.

Löng og einatt dýrkeypt reynsla hefir sýnt það, að núverandi skipulag á stjórn heilbrigðismála hefir marga og mikla galla, sem verða þess tilfinnanlegri sem lengra liður: Bent skal á þessa:

a) Vegna ófullnægjandi eftirlauna hafa nálega allir landlæknar setið í embætti til dauðadags, þó þeir hafi verið lítt færir til þess að gegna störfum sínum í lengri eða skemmri tíma. Nú veltur stjórn flestra heilbrigðismála aðallega á landlækni einum, og fer í handaskolum, ef hann er ekki sívakandi og starffær.

b) Heilbrigðislöggjöf vor er nú fyrir löngu úrelt í ýmsum atriðum. Land-

læknir hefir ekki komið yfir að endurskoða hana. Svo hefir og gengið í 18 ár með svo nauðsynlegt verk sem heilbrigðisskýrslur eru. Ýms alvarleg heilbrigðismál þyrfti að taka til vandlegrar athugunar, berklavarnir, varnir gegn kynsjúkdómum, eftirlit með læknum og lyfjabúðum, ljósmæðrum, skólum, matvælum o. fl. Það er hæpið, að einn maður geti leyst allt þetta af hendi svo í lagi sé.

c) Þýðingarmiklar sóttvarnarráðstafanir ættu að vera betur komnar í höndum fleiri manna en eins. Þekking á ýmsum atriðum er betur tryggð á þann hátt og almenningur treystir fullt svo vel dómi fleiri manna sem eins. Sérstaklega hefir þetta komið í ljós við influensuvarnirnar.

d) Hjá því verður ekki komið, að landlæknir sé fjarverandi nokkurn tíma á hverju sumri, meðan samgöngur eru hvað mestar. Þessu fylgir nokkur áhætta, og er að nokkru úr þessu bætt, ef 2 vanir menn annast störfin í fjarveru hans.

e) Tillögur um veitingu embætta og annara læknisstarfa eru oft og einnig vandamál. Það þarf náinn kunnugleik á mönnum og verðleikum þeirra til þess að vel sé fram úr þessu ráðið. Oftast mun það fara svo, að málið verði betur athugað af 3 mönnum en einum.

f) Útgjöld landssjóðs í þarfir heilbrigðismála eru nú nokkuð á aðra milljón króna, að berklastyrk meðtöldum. Það er óheppilegt að verja svo miklu fé án þess að sjá jafnframt fyrir góðri stjórn og eftirliti á meðferð þess. Ef heilbrigðisráðið er störfum sínum vaxið, má gera ráð fyrir, að það borgi sig vel, semji heilbrigðisskýrslur, spari dýrar nefndir o. fl.

Tilgangur frumvarps þessa er sá, að bæta úr þeim vandkvæðum, sem hér eru talin, og koma öllum heilbrigðismálum vorum í betra horf en verið hefir. Sama vakti og fyrir stjórninni, er hún bar upp frv. til laga um heilbrigðisráð 1919. Var þá bæði landlæknir og læknadeild háskólans málinu fylgjandi.

Svo er ætlað til, að þegar varamenn taka sæti í ráðinu, sjái hver aðalmanna þeim fyrir þóknun eftir samkomulagi.

Eftir þessar almennu athugasemdir virðist ekki þurfa að skýra hinar einstöku greinar frumvarpsins.